

Kópavogi 18. Mars 2023

Bt. Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

**Efni bréfs:** Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum, 165. mál..

Frumvarp þetta er nú lagt fram nær óbreytt í sjötta skiptið og ætlað að fella úr gildi lög um orlof húsmæðra. Helsta ástæðan er talin jafnréttissjónarmið og að lögin séu talin vera tímaskekkja. En er það svo í raun? Nei, því miður er svo ekki. Þó árið sé 2023 er langt í land að konur standi jafnfætis körlum, sérstaklega konur um og eftir miðjan aldur. En nákvæmlega þær konur eru þær sem aðallega nýta sér þessar niðurgreiddu orlofsferðir. Að öðrum kosti hefðu margar þeirra ekki bolmagn til að fara í orlof en félagslegt gildi þessara ferða er óumdeilanlegt. Af hverju skildi það nú vera? Jú, þetta eru konurnar sem eiga lítið sem ekkert í lífeyrissjóði því þær voru heima með börnum sínum því barnaheimili voru ekki til. Þau fáu sem til voru, voru aðeins fyrir einstæðar mæður og háskólanema. Því miður er allt of stór hópur kvenna í þessum sporum. Þær urðu ekkjur og lífeyrissjóðurinn hirti innlegg eiginmannsins. Margar hafa lent í skilnaði og eiginmaðurinn gengið út úr sambúðinni með allan sinn lífeyrissjóð og konan sat eftir slipp og snauð.

Telja þingmenn eitthvað jafnrétti í stöðu karla og kvenna sem komin eru á miðjan aldur þegar kemur að lífeyrissjóðsmálum? Nei ágætu þingmenn, tíma ykkar væri betur varið í að tryggja betur alvöru réttlæti og jafnræði kynjanna þegar kemur að lífeyrissjóðsgreiðslum. Nú skilst mér að geti verið val hjá þörum að jafna lífeyrisréttindi, en það ætti auðvitað að vera skylda því ungt fólk er sjaldnast að hugsa um slíka hluti. En það er ekki að gagnast konunum sem eru að notfæra sér niðurgreiðslur orlofsnefnda í landinu.

„Tilgangur laganna var að lögfesta viðurkenningu á þjóðfélagslegu mikilvægi ólaunaðra starfa og veita húsmæðrum orlofsréttindi líkt og launþegum“ segir í núverandi lögum og á það fyllilega rétt á sér og engin tímaskekkja því miður fyrir allt of margar konur!

Kvenfélögin í landinu hafa skipað konur úr sínum röðum í sjálfboðið starf við að skipuleggja og annast orlofsdvalir nú í yfir 60 ár og þegar búnar að leggja ómælda vinnu í að skipuleggja og bóka í orlofsferðir 2023 og er mikil aðsókn.

Stjórn orlofsnefndar húsmæðra í Kópavogi leggst alfarið gegn því að núverandi lög um orlof húsmæðra verði felld úr gildi, því miður er það ekki tímabært þó árið sé 2023.

Virðingarfyllt,

Guðrún S. Viggósdóttir, formaður orlofsnefndar húsmæðra í Kópavogi